

Vatnsgjöld eru innheimt með fasteignagjöldum.

Vatnsgjald frá 1. janúar 2011

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsgjald árlega. Sama gildir um aðrar fasteignir utan lögsagnarumdæmisins sem fá vatn úr kaldavatnskerfi Norðurorku. Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi fyrir hverja matseiningu og gjaldi fyrir hvern fermetra samkvæmt fasteingamati. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús er undanþegið fastagjaldi.

Heimilt er að fella niður fastgjald af húsnæði sem ekki er tengt vatnsveitu. Ekki er innheimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfissvæðis vatnsveitunnar.

Vatnsgjald fer aldrei upp fyrir 0,5% af fasteingamati.

Árlegt vatnsgjald í sumarbústöðum/frístundahúsum skal að lámarki vera 19.574,32 kr. á ári.

Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabyli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.

Íbúðarhúsnæði

Vatnsgjald kr./m²/ár 103,65 - Fast gjald á matseiningu kr./ár 6.909,97

Annað húsnæði

Vatnsgjald kr./m²/ár 103,65 - Fast gjald á matseiningu kr./ár 13.819,96

Gjalddagar

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtuhagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds. Norðurorka hf. er með samninga um viðkomandi sveitarfélög um innheimtu gjaldsins.

Aukavatnsgjald

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Norðurorka leggur til og er gjald fyrir mælir innifalið í fastagjaldi fyrir matseiningu. Mælar eru settir upp þar sem áætla má að vatnsnotkun sé mikil. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hægt að koma við mælingu.

Rúmmálgjald 18,58 kr/m³. Fyrstu 100.000 m³.

Rúmmálgjald 17,05 kr/m³. Eftir fyrstu 100.000 m³ til 250.000 m³.

Rúmmálgjald 13,94 kr/m³. Eftir fyrstu 250.000 m³.

Miðað er við ársnotkun.